

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 132/806
komudagur 9.2.2006


BN/jhb

Reykjavík 8. febrúar 2006.

B.164/2006

Borist hefur til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000, 412. mál.

Ríkissaksóknari hefur engar athugasemdir vegna efnisatriða í frumvarpinu en minnir á umsögn sína um frumvarp til laga um breyting á sömu lögum sem varð að lögum nr. 57/2003. Þar kemur fram að rannsóknarnefnd sjóslysa beri við rannsókn og upplýsingaöflun að taka tillit til rannsóknar á ætlaðri refsiverðri háttsemi sem fram kann að fara í sambandi við sjóslys. Afrit af nefndri umsögn, dagsettri 3. mars 2003, fylgir.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229

RÍKISSAKSÓKNARI

BN/jhb

Reykjavík 3. mars 2003.

B.240/2003.

Þann 24. f.m. barst ríkissaksóknara til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000. Hér á eftir verður í stuttu máli vikið að almennum atriðum um fyrirkomulag rannsókna sjóslysa og síðan að einstökum ákvæðum í frumvarpinu.

Almenn atriði.

Með lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000 var stefnt að því, samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum, að sjóslysarannsóknir „verði algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa...“ Er mér ekki kunnugt um að það fyrirkomulag rannsókna á sjóslysum sem lögin kveða á um eigi sér fyrirmynd eða hliðstæðu í löggjöf nágrannalanda a.m.k. ekki annarra Norðurlanda. Hins vegar eru íslenskar reglur um rannsóknir flugslysa hliðstæðar þeim sem gilda t.d. í Noregi og Danmörku. Mikill munur er á eðli og fjölda flugslysa annars vegar og sjóslysa, í merkingu laga um rannsókn sjóslysa, hins vegar og eru tæpast fyrir hendi rök til að skipa rannsóknum á svo ólíkum slysasviðum með sams konar hætti eins og stefnt er að með lögunum. Ég hef áður bent á að skipa megi rannsóknum sjóslysa með mun einfaldari hætti heldur en gert hefur verið en mun ekki endurtaka ábendingarnar í þessari umsögn.

Samkvæmt 1. gr. laga um rannsókn sjóslysa virðist ráð fyrir því gert að lögregla rannsaki ekki sjóslys nema því tengist grunsemdir um refsiverða háttsemi. Rannsókn lögreglu grundvallist á 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 en ekki á 3. mgr. sömu lagagreinar þar sem kveðið er á um að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannlátum, mannhvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óföllum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli.

Hafa verður í huga í þessu sambandi að rannsóknarnefnd sjóslysa er ekki skylt að gera lögreglu viðvart, sbr. t.d. 12. gr. laganna og nú enn frekar 5. gr. frumvarpsins, þótt nefndin verði þess áskynja við rannsókn sína eða fái rökstuddan grun um að framin hafi verið refsiverð háttsemi í tengslum við sjóslys. Þess vegna er það skylda lögreglu og ákærvalds, burtséð frá hlutverki rannsóknarnefndar sjóslysa, að ganga úr skugga um hvort ástæða sé til opinberrar rannsóknar á sjóslysi eða þáttum þess á grundvelli 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi í sambandi við slysið. Af því leiðir að í mörgum tilvikum er óhjákvæmilegt að láta lögreglurannsókn fara fram jafnhliða rannsókn rannsóknarnefndar sjóslysa og kann því að verða um tvíverknað að ræða. Jafnframt getur þessi skipan leitt til ágreinings á milli þeirra sem stýra lögreglurannsókn annars vegar og rannsóknarnefndar sjóslysa hins vegar.

Telja má víst að lögregla og ákærvald muni hefjast handa um rannsókn á flestum sjóslysum eða slysum til sjós m.a. með tilliti til þess hvort siglinga- eða öryggisreglur sem lúta að vinnu um borð í skipum hafi verið brotnar. Ef fyrir hendi er rökstuddur grunur um að refsivert brot hafi verið framið í tengslum við sjóslys tel ég einsýnt að rannsóknarheimildir lögreglu og ákærvalds standi framar rannsóknarheimildum rannsóknarnefndar sjóslysa hvort sem lítið er til rannsóknar á vettvangi og tæknilegra rannsókna annars vegar og yfirheyrslna af vitnum eða grunuðum hins vegar.

Þegar málum er háttað eins og hér var lýst tel ég að rannsóknarnefnd sjóslysa sé ekki rétt að yfirheyra vitni eða grunaða á undan lögreglu heldur beri henni að doka við og e.a. nýta upplýsingar sem aflað er með lögreglurannsókninni.

Ákvæði frumvarpsins.

Með 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rannsóknarnefnd sjóslysa hafi rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, aðra opinbera aðila og annað björgunar- og hjálparlið. „*Er þessum aðilum skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð.*” Ekki kemur fram í athugasemdum hvað í þessu felst heldur sagt að kveðið sé skýrar á um skyldu opinberra aðila.

Þegar haft er í huga að á sama tíma eru sett afdráttarlaus ákvæði um að nefndinni sé óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. lögreglu og ákærvaldi, aðgang að rannsóknargögnum hennar, sbr. 12. gr. laga um rannsókn sjóslysa og 5. gr. frumvarpsins, og þannig skorið á samvinnu eða samstarf lögreglu og rannsóknarnefndar sjóslysa í megin atriðum, má vera ljóst að aðstoð lögreglu við rannsóknarnefndina getur tæpast verið fólgin í öðru en að varðveita vettvang eða hluti sem varða sjóslys ef slíku er til að dreifa.

Bogi Nilsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Afrit:

*Dómsmálaráðuneytið
Ríkislögreglustjórinn*